



KYNJANÁMSKRÁ 2018-2019

BARNASKÓLI HJALLASTEFNUNAR Í
HAFNARFIRÐI

Efnisyfirlit

Kynjauppeldi Hjallastefnunnar	2
Skipting sem meginaðferð	2
Tap kynjablöndunar	2
Bein mismunun í krafti kynferðis	2
Einokun kynjanna á hefðbundnum hlutverkum	2
Ó-líkindi kynjanna	3
Ávinningar kynjaskiptingar.....	3
Skuggahliðar sem kennarar þurfa að varast í kynjaskiptu starfi	4
„Bleika slikjan“ í stúlknaþópum:	4
„Bláa slikjan“ í drengjahópum:.....	4
Uppbótarvinna, einstaklingsþjálfun	5
Sjálfstæðiskennsla; sjálfsvitund og sjálfstraust.....	5
Jákvæðnikennsla - hreinskiptni.....	6
Kraft- og kjarkkennsla, frumkvæði.....	7
Uppbótarvinna, félagsleg þjálfun	8
Hegðunarkennsla - framkoma - agi.....	8
Viðhorfakennsla - samskipti	10
Nálægðarkennsla - vinátta.....	11
Samskiptavinna	12
Reglubundnar samvistir	12
Bein samskipti.....	13
Sýningar á getu.....	13

Kynjauppeldi Hjallastefnunnar

Skipting sem megináðferð

Hjallastefnan notar kynjaskiptingu sem megináðferð þar sem börnum í skólanum er skipt á kjarna/bekki eftir kyni. Markmið skiptingarinnar er að auka möguleikana á jákvæðri blöndun þar sem stúlkur og drengir geta mæst án þess að gjalda fyrir kyn sitt.

Tap kynjablöndunar

Kynjaskipting var þekkt og viðurkennd áðferð í skólakerfi Vesturlanda fram á sjöunda áratuginn og t.d. íþrótt- og handmenntakennsla var lengst kynjaskipt af öllum námsgreinum og innihald kennslunnar var mjög ólíkt fyrir kynin. Þannig var skiptingin undirstrikun á því að kynin fengu mismunandi menntun, þ.e. mismunandi innihald eftir því hvað hæfði hefðbundnu kynhlutverki þeirra. Blöndun á öllum sviðum var síðan hugsjón sjöunda áratugarins þar sem gamla skiptingin var talin standa fyrir neikvæðan aðskilnað ekki aðeins kynjanna, heldur einnig fatlaðra og ólíkra kynþátta svo dæmi séu nefnd. Blöndunin átti

Kynjauppeldi: Blöndun á öllum sviðum var hugsjón sjöunda áratugarins þar sem gamla skiptingin var talin standa fyrir neikvæðan aðskilnað...

þannig að færa öllum jafnan rétt (sama rétt) en það að hafa bæði kyn á sama stað á sama tíma með sömu verkefni og sama kennara dugði ekki til. Rannsóknir og reynsla af stöðugri kynjablöndun hafa leitt í ljós að „sami“ réttur náðist ekki – þvert á móti.

Bein mismunun í krafti kynferðis

Kynin fá tvenns konar skólagöngu hvað varðar athygli, kennslu, leiðsögn, hvatningu, tíma, pláss, leikrými, tíma til að tala o.s.frv. „Bróðurpartur“ = Drengir (sumir hverjir) fá um 75-80% af því sem skólinn býður upp á en mikið af bróðurpartinum er neikvæð athygli svo sem gagnrýni, skammir og ávítur kennarans - m.a. til að vernda stelpurnar. „Systurpartur“ = finnst ekki í orðabók en þýðir að stúlkur fá um 20-25% af því sem skólinn býður upp á og þrátt fyrir að

Kynjauppeldi: „Bróðurpartur“ = drengir fá um 75-80% af því sem skólinn býður upp á...

þær séu bæði námslega og hegðunarlega til fyrirmyndar, eru þær ekki verðlaunaðar fyrir vikið.

Einokun kynjanna á hefðbundnum hlutverkum

Verkefni, leikir, leiksvæði, hegðun o.s.frv. er einokað af því kyni sem „á“ sviðið og börn vita í upphafi skólagöngu hvaða svið í leikjum og hegðun tilheyrir hvoru kyni. Frá rösklega tveggja ára aldri vita stelpur hvað stelpur eiga að gera og hvernig þær eiga að vera og strákar hvað strákar eiga að gera og hvernig þeir eiga að vera þó svo að þau viti ekki muninn á kynjunum fyrir en við lok leikskólaaldurs eða við 6 ára aldur.

Það kyn sem þarf virkilega á æfingu að halda á óhefðbundnu sviði, á ekki möguleika á að komast að á sínum forsendum þar sem hefðbundnu „eigendurnir“ stýra og stjórna. Þar sem að börn sækja í það sem þau eru góð í og fá stuðning fyrir að gera vel, æfa þau stöðugt einhæfari hlutverk og gömlu kynhlutverkin styrkjast og ýkjast.

Kynjauppeldi: ...æfa þau stöðugt einhæfari hlutverk og gömlu kynhlutverkin styrkjast og ýkjast.

Ó-líkindi kynjanna

Kynin haga sér ólíkt, birta sig ólíkt, bregðast ólíkt við – þau tala ólíkt og leika sér ólíkt. Þess vegna sækja þau stöðugt eftir leikfélögum af eigin kyni. Hvers vegna ættum við þá stöðugt að þvinga þau til samvista þar sem engin raunveruleg samskipti eiga sér stað og hvernig getum við þá brugðist „eins“ við báðum kynjum nema að hafna í „meðaltals“starfsháttum sem þjóna hvorugu kyninu? Dæmi:

Kynjauppeldi:

...getum við þá brugðist "eins" við báðum kynjum nema hafna í "meðaltals" starfsháttum...

Stelpur: „Á ég að leika við þig“ og hver er með hverjum og ekki með hverjum er aðalatriðið. Leyndarmálavinátta (skiptast á leyndarmálum innsiglar upphaf leiks). „Við“ miðaðir leikir, ekki einn leiðtogi, samvinna og tengsl mjög mikilvægt. Innihald leiksins er oftast mömmuleikir og þróun leiksins er mikil. Ágreiningur er leystur með duldu aðferðum og heyrir í „tóni“ og einelti birtist helst í að „skilja útundan“.

Strákar: Samkeppni um að fá sem mest af hlutum og dóti. Að byggja og skipuleggja er mikilvægast, þróun leiksins lítil en mikil tilbreyting og mikið ímyndunarafli. Mikil líkamleg virkni í leikjum, stórir hópar og einn foringi. Leitað að töffaraímynd, „ég“ miðað, samkeppni og sjálfsupphafning. Ágreiningur leystur með hótunum og slagsmálum.

Ávinningar kynjaskiptingar

Bæði kyn fá 100% systkinahlut. Skipting hópsins eftir kyni a.m.k. ákveðinn tíma dagsins lagfærir og leiðréttir sjálfkrafa þá mismunun sem kynin búa við varðandi athygli, kennslu, leiðsögn, hvatningu, tíma, pláss, leikrými og tal.

Kynjauppeldi: lagfærir og leiðréttir sjálfkrafa þá mismunun sem kynin búa við...

Einokunin minnkar sjálfkrafa. Um leið og annað kynið er úr auglýn, þorir hitt kynið að glíma við ný verkefni og nýja hegðun og fær þar með tækifæri til að öðlast nýja færni og nýja eiginleika.

Skýr skilaboð fyrir rétt kyn. Í kynjaskiptu starfi getur kennari einhent sér í viðbrögð og kennslu sem hæfir viðkomandi kyni án niðurlægingar og án þess að eiga það á hættu að hitt kynið mistúlki eða verði að bíða eftir passlegri kennslu fyrir sig. Hegðunarkvarðinn styttest. Í kynjablöndun glíma kennarar við hegðunarkvarða frá óvirkni (kvenlæg hegðun) yfir í ofvirkni (karllæg hegðun). Í skiptingunni er kvarðinn mun styttri og viðráðanlegri.

Hvort kyn lærir af innbyrðis samskiptum og getur óttalaust æft nýja og óhefðbundna færni og gert hana að sinni eigin. Í stað þess sem blöndunin hefur ætlast til; að kynin læri hvort af öðru s.s. að stúlkur læri sjálfstæði og líkamlega virkni af drengjum og drengir læri umhyggju og félagslega færni af stúlkum.

Kynin skapa sjálf sína menningu. Bæði stúlkur og drengir skapa leiki, starf og menningu á sínum eigin forsendum og í friði í kynjaskiptum hópi sem er björgun í skólakerfi þar sem annað kynið ræður ríkjum í starfi.

Kynjauppeldi: ...stúlkur og drengir skapa menningu á sínum eigin forsendum ... sem er björgun í skólakerfi þar sem annað kynið ræður ríkjum

Skuggahliðar sem kennarar þurfa að varast í kynjaskiptu starfi

„Bleika sliktan“ í stúlknaþópum:

1. Nöldurtónn og pikk
2. Dulið einelti
3. Plotta saman tvær og tvær og skilja útundan
4. Grátstjórnunin
5. Stjórnsemi gagnvart hinum stúlkunum
6. Samkeppni í klæðnaði
7. Kennarinn tekur lífinu of rólega
8. Kennarinn er metnaðarlítill – allt gengur svooo vel
9. Freistingar s.s. að skreppa í símann verða meiri

Kynjauppeldi: „Bleika sliktan“ í stúlknaþópum: Nöldurtónn og pikk. Dulið einelti ...

„Bláa sliktan“ í drengjaþópum:

1. Hávaði og streita
2. Samanburðarhyggja og sjálfsupphafning
3. Samkeppni s.s. „vinna-tapa“ viðhorf og „elta foringjann“
4. Barsmíðar og slagsmál
5. Opið einelti
6. Slys eiga sér stað
7. Drengir fara í mótþróa við kennarann
8. Kennarinn er of stressaður og agar af of mikilli hörku
9. Kennarinn gleymir að fara inn í drengjameninguna

Kynjauppeldi: „Bláa sliktan“ í drengjaþópum: Hávaði og streita. Samanburðarhyggja og sjálfsupphafning ...

Tekið skal fram að skv. orðabók þýðir sliktja daufur gljái og í þessu tilviki er hinn daufi gljái á skólafarfinu. Ofangreindar sliktjur færast einnig yfir í blönduðu skólafarfi en þá ber minna á þeim að meðaltali (eða hvaða litur sést þegar bláu og bleiku er hrært saman?)

Uppbótarvinna, einstaklingsþjálfun



Uppbótarvinna = að veita hvoru kyni sérstaka uppbot á sviðum sem þau hafa lítið þjálfað vegna kynferðis. Stúlkur þurfa meiri einstaklingsþjálfun; sjálfstæði, sjálfsvitund og sjálfstraust, jákvæðni og hreinskiptni, kjarkur og frumkvæði.

Einstaklingsþjálfun gildir fyrir bæði kyn, en drengir standa betur að vígi en stúlkurnar hvað varðar einstaklingsvitund því umhverfið hefur frá upphafi veitt þeim kennslu, hvatningu og þjálfun og auk þess hafa drengir einstaklingsþætti s.s. hreyfingu, hávaða og sjálfupphafningu innbyggða í leiki sína. Því þurfa stúlkur að fá stærra skammt af einstaklingsþjálfun heldur en drengir og eins tekur lengri tíma að þjálfar þær þannig að fullnægjandi árangur náist. Tekið skal fram að annars vegar fer þessi þjálfun fram í hefðbundnum skólaverkefnum og þá skipir mestu máli hvernig við stöndum að málum, bregðumst við og svörum - og hins vegar í sérstökum stundum með sérstökum verkefnum sem búið er að skipuleggja með einstaklingsþjálfun í huga.

Kynjauppeldi: stúlkur þurfa stærra skammt af einstaklingsþjálfun ... tekur lengri tíma að þjálfar þær þannig að fullnægjandi árangur náist.

Hér á eftir er einstaklingsþjálfun talin upp í forgangsröð, þ.e. sjálfstæðiskennslan er grundvöllur fyrir allt annað og talað er um stúlkur en ekki börn til að minna á hversu mikla áherslu þarf að leggja á þennan þátt hjá stúlkunum þó hann megi vitaskuld ekki gleymast hjá drengjunum.

Sjálfstæðiskennsla; sjálfsvitund og sjálfstraust

Allar stúlkur verða að skynja sig sem einstaklinga sem ekki þurfa að fá samþykki umhverfisins fyrir tilveru sinni og þora að taka sér svigrúm og vera gerendur en ekki þolendur.

1. „Ég“- hugsun, moka í þær aðdáun og virðingu, upphefja hverja og eina við öll hugsanleg tækifæri. Velja kynhlutlaus hrósyrði s.s. „Þú ert frábær“ og nota þau af heilum huga!!!
2. Æfa framsögn og framkomu t.d. með að hver og ein sé með skemmtiatriði fyrir hópinn; söng, brandara, sögu o.s.frv.
3. Hafa sérstaka fréttatíma til að fá upplýsingar um hagi og líf hvernar og einnar, en oft eru þær ragari en drengirnir við að koma sér á framfæri. Læra nöfn foreldra og systkina.
4. Einstaklingsheilsun með nafni alla daga.
5. Fyrirmæli oftast gefin með nafni hvernar og einnar og nafnið sagt á undan fyrirmælunum.
6. Merkt svigrúm í leikfimi og æfingum til þess að þær taki sér nægilegt einstaklingsrými.

Kynjauppeldi: Velja kynhlutlaus hrósyrði s.s. "Þú ert frábær" og nota þau af heilum huga!

7. Kenna hvað hugtakið „að dreifa sér“ þýðir til að losna við að þær hópist um of saman.
8. Í einstaklingsvinnu s.s. teiknun og málningu þarf stundum að dreifa þeim þannig að þær sjái ekki á blað þeirrar næstu.
9. Afleggja hefðbundna húsmóðurkennslu s.s. dúkkubú.
10. „Við látum hendur standa fram úr ermum“ - klæða stúlkur úr ermalöngum peysum og taka hárið frá andliti með teygjum og spennum til að draga þær sjálfar fram í dagsljósið og auka vitund þeirra um sjálfar sig.
11. Moka í þær einstaklingsathygli og hrósi þar sem hvatningin er valin af kostgæfni: „Hraustlegur hlaupakjöll“ - „frábær stúlka“ - „þú ert með dásamlegar og sterkar hendur, þess vegna er myndin þín frábær“ og skoða síðan hendurnar og láta myndina liggja milli hluta.

Kynjauppeldi: Moka í þær einstaklingsathygli og hrósi ...

Jákvæðnikennsla - hreinskiptni

Stúlkurnar verða að losna úr þrisund prinsessustælanna þar sem fýlu og þögn er beitt sem vopni til að fá sínu framgengt. Þess í stað verða þær að læra að koma óskum sínum skýrt á framfæri. Aldrei að niðurlægja þær fyrir kjarkleysi, klögumál eða nöldur heldur að sjá í gegnum slíkt sem áunnið bull sem er ekki þeim að kenna og bregðast hratt, heidarlega og elskulega við og sleppa nöldurtóninum.

1. Kitla, múta, semja og höfða til þeirra.
2. Glíma við nöldrið og TÓNINN. Hvenær er verið að nöldra í öðrum og hvernig er hægt að segja hlutina öðruvísi. „Hún var að pota í mig“ er nöldur og æfa þarf önnur viðbrögð s.s. „viltu hætta að pota í mig, kæra vinkona“. Æfa koll af kolli og kennarinn ekki síst.
3. „Með brosi á vör“. Gleði, kæti og fjör. Við erum já-stúlkur hérna og æfum okkur að segja já. Jákvæð hvatning til að breyta önglyndi í gleðiríka afstöðu.
4. Búa til leikrit um nöldur og ekki-nöldur. Allir æfa hin mismunandi hlutverk og skilgreina hvenær við erum jákvæðar eða neikvæðar. Leikrit um fataklefan (að kveðja mömmu o.s.frv.) er sérlega heppilegt.
5. „Ekki segja ekki“ því það eru þolanda skilaboð og stöðva virkni. Segja ávallt hvað á að gera með skýrum og fáum orðum - endurtaka oft.
6. Hoppsasí og trallala-uppeldisaðferðin. Taka öllu með léttum huga, hlæja datt með vitleysunni og breyta hegðum með því móti. „Ég trúir ekki svona kvaki hjá minni bráðskemmtilegu og frábæru stúlku“ og kitla ögn - er mun áhrifameira heldur en að segja einhverjum að hætta þessu og hinu og taka þannig þátt í nöldrinu.

Kynjauppeldi: Glíma við nöldrið og TÓNINN - „viltu hætta að pota í mig kæra vinkona“.

Kraft- og kjarkkennsla, frumkvæði

Gefa stúlkunum sjálfsmynd sterkra og hraustra stúlkna sem geta allt sem þær vilja þ.á.m. að glíma við óvenjulega hluti. Aðferðafræðin er stöðug hvatning svo og að ögra þeim til að fara yfir landamærin - frá óvirkni yfir í gerandahlutverk. Grófhreyfing til að kenna þeim að þenja út brjóst-kassann og draga djúpt andann svo og hávaði til að koma tilfinningum og bælingu út frá sér og gefa þeim óendanlegt olnbogaráymi.

Kynjauppeldi:

Grófhreyfing ... kenna þeim að þenja út brjóst-kassann ... hávaði til að koma út tilfinningum og bælingu ...

1. Nota tæki og vélar sem stúlkum eru venjulega ekki afhent s.s. vélknúnar sláttuvélar og að prófa tölvur.
2. Hvetja þær til að gráta hressilega þegar þær meiða sig og veita þeim huggun og samúð - en hjálpa þeim svo til að harka af sér því það gengur ekki að gráta allan daginn!
3. Skoða blóðið sitt þegar þær meiðast, dást að því, setja það í pappír til varðveislu og hvetja þær til að sleppa plástri svo allir sjái hárauða blóðið þeirra. „Allar hraustar stúlkur meiða sig af því að þær þora að gera“.
4. Kjarkæfingar: Óvenjulegar, fjörugar, hávaðasamar. *Raunveruleg kraft- og kjarkæfing er aldrei hættuleg heldur hávaðasöm, líkamleg og óvenjuleg til að börnin nái í frumkraftinn, hinn óbeislaða og ólgandi vilja sem býr í innsta kjarnanum og er oft búið að bæla og umbiðarvefja þannig að börn eru launfrek og þora aldrei að nota kraftinn nema með duldam leiðum.*
5. Einstaklingsleikfimi. T.d. klifra upp á borð og stóla, stökkva niður á dýnur ein og ein í senn svo kennarinn geti einbeitt sér að hvatningu til hverrar og einnar. Klappa fyrir hverri og einni. Ef einhver stúlka er órugg verður að halda í hendi hennar eða fá aðra kjarkaðri til að stökkva með. Kennarinn sýnir sjálfur óöryggi í stöku æfingum til að stöðva mögulega niðurlægingu þeirra sem eru kjarkminni.
6. Hlaup og hopp þar sem pláss er gott og gjarnan dýnur á gólfum. Hlaupa öskrandi af fullum krafti, láta sig detta og veltast um. Kitla og hlæja og hrópa og ærslast.
7. Hlaupa um berfættar og þora að framkvæma allt sem hugmyndir eru um að sé hraustlegt s.s. að sulta í ísköldu vatni, henda mjúkum púðum hver í aðra, leika Grýlu og hlaupa öskrandi. Ögra þeim til að ganga æ lengra í óvenjulegri hegðun og prófa eitthvað enn erfiðara.

Kynjauppeldi: ... kraft- og kjarkæfing er aldrei hættuleg heldur hávaðasöm, líkamleg og óvenjuleg...

Mistakaviðhorf. Ótti stúlkna við að gera mistök er rótgróinn og mesta hömlun okkar kvenna. Æfing felur í sér mistök og kennarinn verður að sýna gott fordæmi og kenna hvernig er best að bregðast við þeim. T.d. tvíbolt með ósoðin egg brýtur tabúin og sýnir mistök! „Gengur betur næst“ og „gott að þið böggi mig ekki, kæru vinkonur,“ þarf að hljóma og þannig er þeim kennt nýtt viðhorf og að lokum mun það slá á mesta mistakaótta stúlkanna.

Uppbótarvinna, félagsleg þjálfun



Uppbótarvinna = að veita hvoru kyni sérstaka uppbót á sviðum sem þau hafa lítið þjálfað vegna kynferðis. Drengir þurfa meiri félagsþjálfun; agi, hegðun og framkoma, viðhorf og samskipti, nálægð og vinátta.

Kynjauppeldi: ...drengir þurfa stærri skammt af félagslegri þjálfun ... mun tímafreakara að ná félagslegum árangri með þeim...

Félagsleg þjálfun gildir fyrir bæði kynin en stúlkur standa félagslega betur að vígi heldur en drengirnir því umhverfið hefur frá upphafi veitt þeim kennslu, hvatningu og þjálfun auk þess sem þær hafa félagslega þætti s.s. umhyggju, nálægð og reglur innbyggt í leikina sína (t.d. hinir öguðu mömmuleikir). Þess vegna þurfa drengir að fá stærri skammt af félagslegri þjálfun heldur en stúlkur og einnig er mun tímafreakara að ná félagslegum árangri með þeim (sbr. hegðun). Tekið skal fram að annars vegar fer þessi þjálfun fram í hefðbundnum skólaverkefnum og þá skiptir mestu máli hvernig við stöndum að málum, bregðumst við og svörum - og hins vegar í sérstökum stundum með sérstökum verkefnum sem búið er að skipuleggja með félagslega þjálfun í huga.

Hér á eftir er félagsleg þjálfun talin upp í forgangsröð, þ.e. agi og hegðunar-kennslan er grundvöllur fyrir allt annað og talað er um drengi en ekki börn til að minna á hversu mikla áherslu þarf að leggja á þennan þátt hjá drengjunum þó hann megi vitaskuld ekki gleymast hjá stúlkunum.

Hegðunarkennsla - framkoma - agi

Heiðarleg ögun með skýru markmiði. Drengirnir verða að vita upp á hárlit til hvers er ætlast af þeim og þeir verða að trúa/vita að kröfunum verði fylgt eftir - alltaf - alls staðar. Aðferðafræðin grundvallast á því að agi skapist þegar farið er eftir reglu án undantekninga. Fylgja þarf reglum eftir af festu, ákveðni og hraða - grípa inn á svipstundu þegar einhver ætlar út fyrir rammann. Fordast ber áminningarræður og nöldur, heldur nota fjölbreyttar aðferðir til að stöðva óæskilega hegðun (sjá kafla um aga og hegðunarkennslu í Starfsgrundvelli).

Kynjauppeldi: ...að agi skapist þegar farið er eftir reglu á undantekninga. Fylgja þarf reglum eftir af festu, ákveðni og hraða...

1. Ganga í röð, hendur á öxlum þess næsta eða halda í næstu peysu eða ganga með hendur á baki.
2. Eiga fastan samastað; sæti, stað í röðinni o.s.frv. til að draga úr samkeppni.
3. „Að sitja kyrr“ - leyfa ekki frávik og bregðast örsnöggt við með að láta skipta um sæti, taka í fang(-elsi) kennarans o.s.frv.
4. Merkja umferðarreglur á gólf, veggi, stéttar svo að allir viti nákvæmlega hvar þeir eiga að vera og árekstrum fækki.
5. Merkja svigrúm og upphafspunkta fyrir hin ýmsu verkefni svo hver og einn viti hvar hann eigi að staðsetja sig og taki sér réttlátt olnbogaráymi (burt með bróðurpart hins sterkasta).

6. Stefnúmótastaðir - ef einstaklingar þurfa að bíða eftir öðrum úr hópnum, þarf fast svæði að vera notað.
7. Reglur um að skiptast á ef átök eru um hlutina; telja hversu lengi hver má hafa hlutinn (t.d. telja sekúndur) eða skipta nákvæmlega í tvennt.
8. Afleggja niðurlægjandi eða hafnandi refsingar - beita þess í stað t.d. „gula spjaldinu“ sem þýðir tvær mínútur á varamannabekk eða nota líkamlegar leiðir til að stöðva óæskilega hegðun (bóndabeygja sviptir valdi án þess að meiða).
9. Ræða skýrt við drengina að þeir séu að æfa hegðun, hrósa óhikað þegar vel gengur (miðað við getu) og sannfæra þá um að þeir muni verða frábærir (eða velja annað kynjahlutlaust hrósyrði) með æfingunni.
10. Gera sig gildandi í drengjameningunni með körfuboltamyndum, Zorro-sögum og svarta beltinu í karate og ná þannig tiltrú þeirra til að geta útvíkkað kynjameningu þeirra.

Kynjauppeldi: Afleggja niðurlægjandi eða hafnandi refsingar - beita þess í stað t.d. "gula spjaldinu"...

11. **Fyrirmælaæfingar - virkar - líkamlegar - skemmtilegar:** *Til að kenna reglu VERÐUR að fylgja henni eftir og ef fyrirmæli eru gefin, verður að fylgja þeim eftir - annars lærist „ó-regla“.* *Síðan er nauðsynlegt að hafa frjálssar aðferðir þar sem hver og einn ræður sjálfur för og eins er úthald kennarans takmarkað. Því er gott að hafa fyrirmæli stutta stund í einu og síðan frjálss aðferð!*

Kynjauppeldi: VERÐUR að fylgja reglunni eftir - annars lærist „ó-regla“

- Gönguferðir þar sem farið er eftir frjálssri aðferð milli fyrirframákveðinna staða (...að næsta tré/staur/steini/ - stoppað þar og beðið fyrirmæla um næsta áfanga = Kennarinn hleypur til að byrja með og framfylgir því að drengir stoppi nákvæmlega þar sem ákveðið var og beitir til þess öllum tiltækum ráðum).
- Hópleikfimi eftir fyrirmælum. Kennarinn ákveður afmarkað svæði og gefur hópnum fyrirmæli. T.d. að koma til sín hlaupandi - og stoppa! Næst að skriða til baka - og stoppa. Næst að hlaupa með indíánaöskri - og stoppa. Læðast, hoppa á öðrum fæti, skriða eins og ormur o.s.frv.
- Þrautabraut inni eða úti - kennarinn tryggir að allir fari brautina eftir réttum fyrirmælum. Í undantekningartilvikum má æfa bið með að hluti hópsins fari brautina í einu og hinir bíði (og gult spjald í hvelli ef einhver bíður ekki á mannsæmandi hátt).

Viðhorfakennsla - samskipti

Drengir verða að eignast hæfnina til náinnar vináttu (ekki aðeins leikfélagsskapar) og byggja upp sjálfsmynd sem fallegir, ljúfir, vingjarnlegir einstaklingar. Jákvæð hugsun hvað sem á gengur og losna við „rangt-rétt“ viðhorf og blóraböggulshugsun. Veita þeim ómælda athygli og muna að snerta aðeins við hverjum og einum í dagsins önn, sýna tilfinningar óhikað. Gripa inn jafn hratt og ákveðið þegar neikvætt orð heyrst eins og þegar reglur eru brotnar. Aldrei að ásaka eða spyrja „hver byrjaði“ eða „hvað gerðist“ heldur nota „hvernig getum við lagað þetta?“ Eiga til úthugsaða frasa s.s. „gerum gott úr öllu“ eða „gengur betur næst“.

Kynjauppeldi: Aldrei að ásaka eða spyrja „hver byrjaði“ eða „hvað gerðist“, - heldur „hvernig getum við lagað þetta?“

1. Styðja blóraböggla út úr hlutverkinu með að taka það sjálf - ef hellist niður úr glasi, getur kennarinn drifið sig í að hella niður líka til að minnka „sektina“.
2. Rjúfa launhelgarnar og minnka mistakaóttann. Hella niður, „tvíbolt“ með ósoðnum eggjum, hoppa á húsgögnum. Ekkert er rangt eða rétt!
3. Opna umræðu um einelti og velja virkt orð á fyrirbærið s.s. að böggja. Skoða og viðurkenna hvenær einhver er að senda tóninn eða böggja og æfa viðbrögð: „Vertu ekki að böggja mig eða vin minn“.
4. Hugga vin sinn. Æfa í uppsettum og raunverulegum aðstæðum.
5. „Við erum vinir hér“ innræting. Búa til sérstakar hefðir fyrir hópinn s.s. sérstök lög, sérstaka hópheilsun o.s.fr. = jákvætt hópstolt.
6. Að gæta bróður síns. Hjálpast að í fataklefa, fela þeim alvöru verkefni, biðja þá að grípa inn í átök og hjálpa hinum að stoppa sig. Sjá um litlu börnin o.s.frv.
7. Senda góðar hugsanir til þeirra félaga sem eru veikir eða í fríi þannig að þeir finni að allir skipti máli og eigi jafnan rétt.
8. Nota millimetra lýðræði á öllum sviðum til að kenna réttlætishugsun sem er undanfari jafnréttishugsunar.

Kynjauppeldi: Opna umræðu um einelti og velja virkt orð á fyrirbærið...

Kynjauppeldi: Nota millimetralýðræði á öllum sviðum

Nálægðarkennsla - vinátta

Skapa kærleikstengsl milli allra. Rósemi og minnkun á streitu. Auka kjark í nálægð, snertingu og umhyggju. Gefa þeim sjálfsmynd fallegra og mjúkra drengja.

1. Sitja í röð í fangi hvers annars, strjúka bakið á næsta manni, nudda herðar o.s.frv. Muna að snerta við hverjum og einum, strjúka kolla eða nudda örlítið axlir, kjörið fyrir kennarann við morgunverðarborðið eða í nónhressingunni.
2. Skapa rólegt andrúmsloft með kertaljósum og reykelsi (í hófi), slökunartónlist o.þ.h.
3. Speglar og horfa á sig í friði, æfa sig líka frá hjartanu að segja hlýleg orð við sjálfan sig - skoða sig með annarra augum.
4. Aðgangur að dýrum til að mýkja „skelina“ og næra umhyggjuþörfina.
- 5. Nálægðaræfingar; hlýlegar - vingjarnlegar - rólegar.**

- Fótþvottur - fyrstu skiptin hver fyrir sig - síðan parað saman. Kennarinn fer á milli og hjálpar til, hrósar óspart þeim sem vel gengur til að hvetja aðra til dáða.
- Nudd með kremi. Tveir drengir saman og nudda á víxl hendur eða fætur hvors annars (með íþróttakremi), horfast í augu, vanda milli fingranna, líka á úlnliðina o.s.frv.
- Púðar og penslar. Einn drengur liggur á púða og annar strýkur mjúkum pensli um andlit og háls og hendur. Skipst á.
- Greiða sjálfum sér og öðrum og skoða árangurinn. Mála hvern annan með andlitslitum o.s.f.r.

Samskiptavinna



Samskiptavinna = þar sem kynin mætast til þess eins að þjálfja jákvæð viðhorf gagnvart hvort öðru og hafa ánægju af samskiptunum

Samskiptaþjálfun kynjanna snýst um að skapa virðingu fyrir hinu kyninu og að börnunum þyki eftirsóknarvert að hittast. Skynsamlegt er að leita eftir álitni hópsins síns á blönduðu hópatímunum til að tryggja að þau langi til að hittast af því að stundirnar séu skemmtilegar - sem þær verða að vera. Ef blöndunin ógnar einhverju barni, verður að skoða málið vendilega, t.d. með aðstoð skólustjóra og finna lausnir til að breyta því.

Kynjauppeldi:...að skapa virðingu fyrir hinu kyninu og að börnunum þyki eftirsóknarvert að hittast

Til að hópastærð sé hæfileg, er nauðsynlegt að beita sem oftast undirskiptingu (sjá Starfslýsingar) þar sem t.d. rólegu börnin af báðum kynjum séu saman í blöndun með t.d. hópstjóra stúlkanna (þar sem þær þurfa meiri verndun) og virkari börnin af báðum kynjum saman með hópstjóra drengjanna.

Lengd blöndunartímans skiptir ekki öllu máli, getur verið t.d. hálf klst. eða minna til að þau þreytist ekki á samverunni. Þá dugur t.d. hópatími á eftir/undan ávaxtahressingu en þar sem sama festa þarf að ríkja gagnvart blöndun og öðrum starfsþáttum Hjallastefnunnar, verður hver blöndunarhópur að eiga fasta stund af ákveðinni lengd innan hópatímakerfisins. Þó er ráðlegt að blanda ekki meðan á aðlögun nýrra barna stendur og ef blöndun er orðin neikvæð, er betra að sleppa henni um stund og leggja upp nýja hernaðaráætlun.

Kynjauppeldi: Lengd blöndunartímans skiptir ekki öllu máli, t.d. hálf klst. eða minna til að þau þreytist ekki á samverunni ...

Aldrei má hafa verkefni í blöndun sem annað kynið er betra eða þjálfaðra í heldur en hitt og utan blöndunarinnar ber síðan að ræða jákvætt og upphefjandi um hitt kynið og bregðast hratt við ef neikvæð ummæli heyrast um það í heild eða ákveðna einstaklinga.

Reglubundnar samvistir

Þær krefjast ekki samskipta í sjálfu sér heldur eru þær til að æfa kynin í að vera á sama stað á sama tíma. Í leiðinni eiga samvistirnar að skapa samstöðu og samkennd meðal kynjanna og að þau líti á börn af hinu kyninu sem fullgilda aðila að „tegundinni“ sinni en ekki sem utanaðkomandi og öðruvísi fyrirbæri.

Kynjauppeldi:...krefjast ekki samskipta í sjálfu sér heldur eru til að æfa kynin í að vera á sama stað á sama tíma

1. Sömu börn hittast daglega allt skólaárið í hópatíma til að tryggja fullorðinsstýringu þar sem hægt er að grípa inn í átök og ýta undir jákvæð samskipti.

2. Blöndunarhópurinn eigi sér heiti og sérstakar athafnir, t.d. að heilsast með merkjum og eiga sér ákveðin sönglög eða leynistaði til að „innvígja“ meðlimi hópsins.
3. Blöndunarhópurinn leysi ákveðin verkefni saman, t.d. er frábært að stórt myndverk sem samanstendur af mörgum smáum einingum (sem unnin eru sjálfstætt í eða utan blöndunar, gjarnan einstaklingseiningar) sé blöndunarniðurstaða sem er sett upp til sýningar ákveðinn tíma til að skapa hópstolt. T.d. íslenski fáninn í fullri stærð límdur úr miðum sem börnin hafa litað og hengdur upp í anddyri.

Bein samskipti

Beinu samskiptin krefjast þess að kynin séu raunverulega að gera eitthvað saman og æfingu í beinum samskiptum þarf til að koma í veg fyrir að hitt kynið verði ókunnuglegt og framandi. Þar sem kynjaskiptingin hlífir þeim við stöðugum samvistum (sem fela í reynd ekki í sér nein samskipti) getur verið hætt á að hitt kynið verði of fjarlægt sem getur annað hvort valdið óöryggi gagnvart því eða að „fjarlægðin geri fjöllin blá“.

Kynjauppeldi:...að hitt kynið verði of fjarlægt sem getur annað hvort valdið óöryggi gagnvart því eða að „fjarlægðin geri fjöllin blá“.

1. Fastir félagar séu í blöndunarhópnum þannig að ekki aðeins sömu börn hittist daglega heldur eigi hver stúlka sér fastan drengjavin þegar tvö og tvö vinna saman.
2. Verkefni í samvinnu geta verið að leiðast saman inn á söngfund, fara saman að sækja einhvern hlut eða finna eitthvað ákveðið á útisvæði (t.d. koma með 5 steina hvort), vera saman í stöðvabraut (þá þarf að ætla langan tíma á hverja stöð, t.d. 10 mínútur).

Sýningar á getu

Sýningar á getu eru til að vekja virðingu og aðdáun á hinu kyninu. Þannig er andæft gegn þeirri „óvinamynd“ sem kynin byggja upp hvort af öðru; „ooo-stelpurnar alltaf klagandi“ eða „ooo-strákarnir eyðileggja allt“ sem er óheppilegt veganesti fyrir einstaklinga sem í framtíðinni munu flestir velja sér lífsförunaut af hinu kyninu!

1. Sýna að hitt kynið vinni að óhefðbundnum verkefnum og ráði við það. T.d. geta drengirnir boðið stúlkunum í blöndunarhópnum í pizzuveislu eða að stúlkurnar sýni drengjunum smíðavinnuna sína.
2. Sýna að hitt kynið vinni að sérlega eftirsóknarverðum verkefnum í augum hinna. T.d. geta stúlkurnar safnað í bálköst og boðið drengjunum að koma og sjá eða að drengirnir geta saumað gjafir handa stúlkunum.

Kynjauppeldi: Sýna að hitt kynið vinni að óhefðbundnum verkefnum og ráði við það...

Muna að í öllu starfinu felast leiðir til að vinna gegn hinum hefðbundnu hugmyndum beggja kynja um takmörkun kynjahlutverkanna og hika ekki við að endurskapa. Taka þarf út bækur (s.s. lata stelpa), vanda þarf val á ljóðum og söngvum (Adam átti syni

sjö og Eva átti dætur sjö) og breyta óhikað sögum með hefðbundna hlutverkinu (s.s. til tilbreytingar að kindin stangi Fóu feykirófu eða að mamma geit stangi trölllið) - næg er styrkingin samt.